

Umsögn um frumvarp til laga - 139. Löggjafabing 2010-2011

10. nóvember, 2010 - lokaskjal

Um verndunar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða

Frá Kristínu Völu Ragnarsdóttur – forseta verkfræði- og náttúruvísindasviðs HÍ eftir samráð við prófessorana Stefán Arnórsson, Júlíus Sólmes og Jónas Elíasson

Almennar athugasemdir

Efni frumvarpsins þarf nánari skýringar og skilgreiningar við, einkum 1. gr. - markmið. Lögin fjalla um sama efni og mörg önnur um umhverfisvernd, ýmsar skilgreiningar og gildissvið þarf að skilgreina betur með tilliti til þeirra laga, svo og annarra laga t.d. orkulaga og vatnalaga. Lagatexta má á ýmsa vegu stytta (t.d. 10. gr.). Einnig þurfa athugasemdirnar sem nú fylla nær 25 bls að vera styttri og skilvirkari.

Þá vantar hvenær beiðni til verkefnastjórnar (9. gr.) telst gild, t.d. hvaða skilyrði virkjanakosturinn skuli uppfylla, einkum með tilliti til markmiða laganna um sjálfbæra þróun. Háskóli Íslands getur aðstoðað stjórnvöld um að tilgreina hvenær háhitasvæði teljist sjálfbær. Þetta er mjög mikilvægt atriði vegna þess að umræðan í Þjóðfélaginu í dag bendir til þess að flestir geta ekki greint á milli sjálfbærni vatnsvirkjunar (vatnsflæði) og sjálfbærni háhitavirkjunar (varmaflutningur). Mat á stærð auðlindarinnar sem unnar hafa verið af Orkustofnun er mat á orkuforða í auðlindinni. Þetta mat tiltekur að auðlindin sé ekki endurnýjanleg og því er aflgeta svæðanna til langs tíma háð umfangi vinnslu. Flestar orkutölur sem vitnað er í Þjóðfélaginu benda til þess að verið sé að nota tölur sem eru þannig fengnar, að gert er ráð fyrir að orkunni sé blásið út á 30-50 árum úr öllum jarðhitakerfunum okkar. Eftir það tæki jarðhitakerfin tugi til hundruði ára að ná fyrri hitastigi og þeim vatnsforða sem þarf til að knýja jarðhitavirkjanir. Vegna þess að auðlindin er ekki endurnýjanleg þarf að nýta orku háhitakerfa á varkáran máta. Nýting vatnsorku er sjálfbær í þessum skilningi, hún er í eðli sínu sólarorka og endurnýjar sig jafnóðum (svo lengi sem jöklarnir hafi ekki allir bráðnað).

Mjög mikilvægt er að þessi lög, eins og raunar öll lög frá Alþingi, séu ítarlega unnin og skýr þannig að þau standist sem best tímans tönn og að túlkun þeirra orki ekki tvímælis. Til þess að svo geti orðið er frekari umfjöllun fagaðila um þessi drög að lögum mjög mikilvæg, þeirra fagaðila sem hafa sérþekkingu á orkulindunum sjálfum og því landi sem þessar auðlindir finnast á ásamt menningarminjum á þessu landi. Mælt er eindregið með því að vandlega verði valdir fagaðilar sem hafa langa reynslu og sýnt hæfi með störfum sínum til þess að fara yfir þessi drög að lögum og að þeim verði gefin nægur tími til að sinna vinnu sinni sem best og ljúka henni. Þá er mælt með því að fenginn verði íslenskufræðingur til að vinna með faghópnum.

Að lokum má nefna að eðlilegra væri að hafa þessi lög undir umhverfisráðherra, því að nýtt Auðlindaráðuneyti í janúar mun eiga að taka þennan málaflokk inn á sitt borð í janúar 2011.

Athugasemmdir um einstakar greinar

1. gr. Markmið

Markmiðin eru ekki skýr og hér þarf að vísa í önnur lög um náttúruvernd, orku og vatn. Markmiðin eru öll í einni setningu sem er allt of löng og þarf að brjóta niður og skrifa á skýrari máta og samræma markmiðssetningu fyrrnefndra laga. .

2. gr. Gildissvið og skilgreiningar

Undir 5. Virkjanakostur – hér þarf að skilgreina landfræðilega hvað átt er við með virkjanastað. Tilgreina þarf hvar er bannað að virkja. Einnig er ekki unnt að ræða um virkjanakost á jarðhitakerfum á sama máta og fyrir fallvötn. Ekki er unnt að greina virkjunakost jarðhitakerfis uns borað hefur verið á svæðinu. Fram að því er einungis hægt að vísa í niðurstöður athugana á yfirborði t.d. breytileika í viðnámi í bergi.

Í 6. gr. *Yfirborðsrannsóknir* – Fyrsta setningin þarf að hljóða – Kortlagning náttúrusvæða, landslags, vistkerfa, vatnafars, jarðfræði og jarðvegs. Í lögum þarf ekki að skilgreina hvað felst í rannsóknnum. Seinni setningin ætti að vera: Til þessa þarf verkfræði- og jarðvísindalegar rannsóknir sem ekki valda náttúruspjöllum.

Viðbót við 8. gr. *Sjálfær nýting jarðhitakerfa*. Jarðhitakerfi er nýtt á sjálfbæran máta ef ekki er gengið um of á vatnsforðann í jarðhitakerfinu þannig að írennsli vatns í kerfið svari til þess sem upp er tekið og hiti vatnsins falli sem minnst.

3. gr. Verndar- og nýtingaráætlun

Undir 4. 5. og 6. grein þarf að nafnkenna svæði samkvæmt tillögum Verkefnastjórnar rammaáætlunar. Heimilt ætti að vera að endurskoða þau svæðali á 10 ára fresti á Alþingi. Finnist ný svæði þarf að taka afstöðu til þeirra. Biðflokkur þarf að vera endurskoðaður á fjögurra ára fresti.

Fyrsta málsgreinin er of mikið stíluð samkvæmt öðrum lögum um ýmsar framkvæmdaáætlanir á vegum ríkisins. Frekar skal horfa til verndunarmarkmiðs laganna.

3. mgr. er ósljós. Ákvæði um stækkun og friðlýsingu eru óskýr og gefa tilefni til deilna.

4. mgr – sem vísað er í aftur og aftur í greinum hér að neðan – er óljós og þarf að skerpa á og gæti þurft heildarendurskoðunar við þegar þær greinar sem í hana vísa hafa verið endurskoðaðar..

4. gr. Nýtingarflokkur

Hér þarf að nafngreina svæði.

1. málsgreinin er óljós. Hana þarf að skerpa eftir að 4. mgr. 3. gr er endurskrifuð.

Seinni setningin í 2. málsgrein virðist óþörf.

5. gr. Biðflokkur

Hér þarf að nafngreina svæði.

1. málsgrein er óljós og þarf að endurskrifa eftir umskrif 4. mgr. 3. gr.

3. málsgrein er óljós. Setningin er allt of löng og þarf að umskrifa.

4. málsgrein er óljós og þarf að umskrifa eftir að 3. mgr. 3. gr. er endurskrifuð.

6. gr. Verndarflokkur

Hér þarf að nafngreina svæði.

1. mgr. er óljós. Vísað er til “ekki talið rétt” – af hverjum? Athuga þarf þessa mgr eftir umskrif 4. mgr. 3. gr.

2. mgr. 1. setning – vísað er til “ástæða er talin til” – hér þarf að tiltaka úrskurðaraðila. Einnig er í síðari setningu vísað til “ekki eru leyfisskyldar” – samkvæmt hverju? Ákvæði um um orkurannsóknir þarf nánari skoðun,- nær allar hefðbundnar náttúrufarsrannsóknir falla í þennann flokk.

3. mgr. ætti að verða liður af 2. mgr.

8. gr. Verkefnisstjórn

8., 9. og 10. grein þyrfti að vera í höndum til þess hæfrar fagstofnunar, þar sem fagfólk vinnur grunnvinnu sem síðan er send til hagsmunaaðila til umfjöllunar. Varast verður að blandað saman niðurstöðum faglegrar rannsóknar við umfjöllun hagsmunaaðila – þessu þarf að breyta. Þá þurfa aðilar verkefnisstjórnar að hafa lágmarks faglega þekkingu og reynslu sem skilgreina þarf í lögum þessum.

1. mgr. Í stað ráðherra væri eðlilegra að Alþingi kysi verkefnastjórn. Ef engin sérstök stofnun er sett á stofn þá þarf verkefnastjórn að sitja lengur en í 4 ár.

Skilgreina þarf faglegar kröfur - þekkingu, menntun, reynslu, hæfni. Varast þarf hagsmunaárekstra. Hagsmunaaðilar ættu ekki að koma að fyrr en faglegri umfjöllun er lokið – og þá geta þeir gefið sitt álit.

9. gr. Verksvið verkefnisstjórnar

1. mgr. 1. setning er óljós. Hana þarf að endurskrifa eftir breytingu á 4. mgr. 3. gr. Eftir 1. setninguna þarf að bæta við texta úr skýringartextanum (bls 25): Verkefnisstjórnin er eingöngu ráðgefandi og er henni því ekki falið að taka stjórnvaldsákvæðanir.

2. mgr. Ekki er ljóst hver sendir beiðni. Hún þarf að vera rökstudd og hafa ákveðið innihald sem þarf að skilgreina. Í 2. Setningu er vísað til áætlunar um “afl og orkugetu” – þetta þarf að vera betur skilgreint í og í tengingu við sjálfbæra nýtingu jarðhitakerfa (sjá hér að ofan).

10. gr. Verklag og málsmeðferð

Þessi grein ætti að vera að mestu í reglugerð. Hér ætti einungis að visa í að faghópar eigi að rökstyðja mat á virkjunarkostum.

11. gr. Meðferð upplýsinga

Hér þarf að vitna í upplýsinagalög ásamt laganúmeri.

12. gr. Reglugerð

Engin reglugerð er sett fram hér – en þyrfti að vera tilbúin til umfjöllunar með lögunum.

Við höfum ekki frekari ábendingar um þessi drög.

Fyrir hönd Verksviðs og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands


Kristín Vala Ragnarsdóttir

Jónas Elíasson

Júlíus Sólnes

Stefán Arnórsson